

AUGLÝSING

ríkisskattstjóra nr. 1/2005 um skilaskyldu og skilafresti fyrir launaskýrslur o.fl. vegna skattframtals 2005.

Ríkisskattstjóri hefur ákveðið, skv. 92. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, að eftirtöldum upplýsingum og gögnum vegna ársins 2004 skuli skilað til skattstjóra eigi síðar en 27. janúar 2005. Sé gögnunum skilað á rafrænu formi framlengist fresturinn til 7. febrúar 2005. Gögnunum skal skilað til skattstjóra þar sem skilaskyldur aðili átti lögheimili 1. desember 2004.

1. Launamiðar og verktakamiðar (RSK 2.01). Skilaskyldir eru allir þeir sem innt hafa af hendi launagreiðslur, hlunnindi, lífeyri, bætur, styrki, greiðslur til verktaka fyrir þjónustu (efni eða vinnu) eða aðrar skattskyldar eða framtalsskyldar greiðslur.
2. Bifreiðahlunnindamiðar (RSK 2.035). Skilaskyldir eru allir þeir sem í rekstri sínum eða annarri starfsemi hafa haft kostnað af kaupum, leigu eða rekstri fólksbifreiðar og ekki fylla út RSK 4.03 vegna hennar.
3. Hlutfjármiðar (RSK 2.045) ásamt samtalningsblaði (RSK 2.04). Skilaskyld eru öll hlutfélög, einkahlutfélög og sparisjóðir.
4. Stofnsjóðsmiðar (RSK 2.065) ásamt samtalningsblaði (RSK 2.06). Skilaskyld eru öll samvinnufélög þ.m.t. kaupfélög.
5. Launaframtal (RSK 1.05). Skilaskyldir eru þeir einstaklingar, sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi og ekki skila skattframtali á rafrænu formi, og lögaðilar sem undanþegnir eru skattskyldu skv. I. kafla laga nr. 90/2003 og skila ekki skattframtali RSK 1.04, hafi þeir greitt laun eða viðbótarframlag í lífeyrissjóð á árinu 2004.
6. Skýrsla um viðskipti með hlutabréf (RSK 2.08). Skilaskyldir eru bankar, verðbréfa-fyrirtæki og aðrir þeir aðilar sem annast kaup og sölu, umboðsviðskipti og aðra umsýslu með hlutabréf.
7. Takmörkuð skattskylda - greiðsluyfirlit (RSK 2.025). Skilaskyldir eru þeir sem innt hafa af hendi hvers konar greiðslur til erlendra aðila og annarra, sem bera takmarkaða skattskyldu hér á landi, og skattskyldar eru skv. 3. tölul. (þjónusta eða starfsemi innt af hendi hér á landi) og 6. tölul. (leiga og greiðslur fyrir afnot eða hagnýtingu einkaleyfa og hvers konar annarra leyfa, réttinda, sérþekkingar, o.fl.) 3. gr. laga nr. 90/2003.
8. Greiðslumiðar – leiga eða afnot (RSK 2.02). Skilaskyldir eru þeir sem innt hafa af hendi hvers konar greiðslur fyrir leigu eða afnot af lausafé, fasteignum og fasteignaréttindum, sbr. 1. og 2. tölulið C-liðar 7. gr. laga nr. 90/2003, svo og fyrir greiðslur fyrir sérhver önnur afnot af réttindum, s.s. aflaheimildum, einkaleyfum eða sérþekkingu, enda sé ekki gerð grein fyrir þessum greiðslum á öðrum skilagreinum sem taldar eru upp hér að framan.
9. Hlutabréfakaup skv. kaupréttarsamningi (RSK 2.085). Skilaskyld eru öll hlutfélög sem gert hafa kaupréttarsamninga við starfsmenn sína samkvæmt staðfestri kaupréttaráætlun, sbr. 10. gr. laga nr. 90/2003.

Upplýsingum þessum skal, ef unnt er, skilað á tölvutæku formi samkvæmt færslulýsingu, sem finna má á vefsíðu ríkisskattstjóra www.rsk.is/vefskil/vefskil.asp en annars á hinum tilgreindu eyðublöðum, sem einnig er þar að finna.

Auglýsing þessi er birt með heimild í 92. og 93. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt.

Reykjavík, 6. janúar 2005.

Indriði H. Þorláksson ríkisskattstjóri.